

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 19. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.*

## **Starfsleyfisskilyrði fyrir steypueiningaverksmiðjur.**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið.**

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur steypueiningaverksmiðju, sbr. lið 2.5 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegrí skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, s.s. verkstæði, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Rekstraraðili skal uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfsviði sínu. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu fáanlegu tækni til að ná þeim markmiðum. Orka skal vera vel nýtt.
- 1.5 Rekstraraðili skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Heilbrigðisnefnd metur innan fjögarra vikna frá móttöku upplýsinganna hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.6 Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni og skila til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.
- 1.7 Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögarra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar, nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.
- 1.8 Almenningur á rétt að gengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

### **2. Athafnasvæði og lóðarumgengni.**

- 2.1 Halda skal mannvirkjum, lóð, lóðaraðkomu og bílastæðum snyrtilegum.
- 2.2 Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.

- 2.3 Bifreiðum, tækjum og lausamunum, sem ekki er í notkun, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins og án þess að vera til lýta í umhverfi.
- 2.4 Óheimilt er að geyma bílhræ og annan úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu, sbr. 4. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.
- 2.5 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.6 Lagerhald á framleiðsluvörum skal vera á afmörkuðu svæði á lóð í samræmi við samþykkta lóðarskilmála.
- 2.7 Fyrirtækið ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um lóð og girða hana í samráði við skipulagsyfirvöld.

### **3. Almennar kröfur um mengunarvarnir.**

- 3.1 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennslislagna skulu vera tiltækjar í fyrirtækinu. Breytingar á frárennslikerfi þurfa samþykki byggingafulltrúa. Búnaði til mengunarvarna skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Ekki má skerða mengunarvarnir á fráveitu sem fyrir eru né takmarka möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.
- 3.2 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.3 Við meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind hverju sinni. Jafnframt skal meðhöndla úrgang í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003.
- 3.4 Geyma skal spilliefni og önnur hættuleg efni aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum eða úrgangi í vel merktum ílátum. Að notkun lokinni skal skila spilliefnum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999, um spilliefni.
- 3.5 Óheimilt er að losa spilliefni og önnur hættuleg efni í fráveitu.
- 3.6 Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun og halda ítarlega skrá yfir hana sem sé aðgengileg í eftirliti.

- 3.7 Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspíllandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.
- 3.8 Olíutankar skulu vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olíuáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem tengt sé olíuskilju.
- 3.9 Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágangi, staðsetningu og stærð olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olíuskilju.

#### **4. Sértaekar kröfur um mengunarvarnir.**

- 4.1 Rekstraraðili skal tryggja að ryk frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarka með því m.a. að:
  - a. Hafa akstursleiðir, bílaplöön og geymslusvæði með bundnu slitlagi til að auðvelda hreinsun.
  - b. Skipuleggja reglubundin þrif á akstursleiðum, geymslusvæðum og plönum, þannig að sem minnst óþægindi og mengun vegna ryks stafi frá þessum svæðum.
- 4.2 Fyrirtækið skal hafa þvottaaðstöðu til þrifa á búnaði og tækjum.
- 4.3 Fráveituvatn frá steypuframleiðslu, allri þvottaaðstöðu fyrir búnað, tæki og öðrum þeim stöðum þar sem líkur eru á sementsríku vatni, skal leiða í fráveitu sveitarfélagsins nema um annað sé getið í lóðarskilmálum. Á fráveitu skal vera fellibúnaður eða annar búnaður með sambærilega virkni sem tryggi hreinsun á fráveituvatni að því marki að það geti ekki skaðað fráveitukerfi sveitarfélagsins, sbr. ákvæði I. viðauka með reglugerð nr. 798/1999.
- 4.4 Hráefnislager (sandur, möl o.s.frv.) skal geyma í aðgreindum og afskermuðum hólfum í samráði við byggingafulltrúa. Efnislager skal ekki vera hærri en veggir utan um hólfin nema annað hafi verið samþykkt af bæjarskipulagi. Fínefni (t.d. cement) skal eingöngu geyma í lokuðum efnissílóum eða í lokuðum geymslum.
- 4.5 Lágmarka skal eins og kostur er notkun á hættulegum eða umhverfisskaðlegum efnum s.s. við hreinsun tækja og í steypumót. Velja skal umhverfisvænni efni þar sem þess er kostur. Rekstraraðili skal halda ítarlega skrá yfir efnanotkun sem sé aðgengileg í eftirliti.
- 4.6 Rekstraraðili skal skila afgangssteypu, sem ekki er unnt að endurvinna, og ónýtum steypueiningum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva fyrir úrgang. Geymslu á úrgangsefnum á lóð skal halda í lágmarki.

#### **5. Ýmis ákvæði.**

- 5.1 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað.

5.2 Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 806/1999, um spilliefni og reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.

**Sjö stafa atvinnugreinaflokkun byggð á ISAT:**

2361000 Framleiðsla á byggingarefní úr steinsteypa  
2363000 Framleiðsla á tilbúinni steinsteypu

**Útgefið þann xx.xx.20xx.  
Heilbrigðiseftirlit xxxxxxxxxxxxxxxsvæðis.**

**Framkvæmdastjóri**